

# UMHIRÐUÁÆTLUN FYRIR SVEITARFÉLAGIÐ VOGA

Þessi áætlun er tekin saman með það að markmiði að fegra og bæta umhverfið í Sveitarfélaginu Vogum og gera vinnu við það eins auðvelda og kostur er. Einnig verði unnið að því að gera vinnu við fegrun og umhirðu vistvæna. Leiðirnar sem farnar eru til að ná fram markmiðunum eru:

- ✓ Skipuleggja vinnu fyrirfram, m.a. val á plöntum og niðurröðun
- ✓ Fjölga fjölærum plöntum og runnum
- ✓ Fækka sumarblómum
- ✓ Bæta steinum í blómabeð
- ✓ Jarðvegsbæta
- ✓ Nota kurlaðar greinar sem falla til í bænum, í yfirborð beða

## GANGSTÉTTAR

### Staðan

Við flestar götur sveitarfélagsins eru gangstéttar. Við nýjar götur og þar sem eldri götur hafa verið endurnýjað eru þær hellulagðar, annarsstaðar steyptar. Mikið af eldri gangstéttunum eru illa farnar, sprungnar og brotnar. Í hellulögnum er illgresi til mikillar óprýði. Við rennusteinana vex víðast hvar illgresi sem erfitt er viðureignar, sérstaklega við eldri götur.

### Aðgerðir

Mikilvægt er að halda gangstéttum hreinum og illgresisfríum. Vinnuskólinn hefur víða hreinsað rennusteinana en að öllu jöfnu vex illgresi mjög frjállega í og við gangstéttar. Nauðsynlegt er að huga að lausn á þessu vandamáli. Með tímanum aflagast hellulagnir og geta jafnvel verið gangandi vegfarendum til trafala. Upplýsingar frá nágrannasveitarfélögum væri hægt að nýta við vinnuna. Líklegt er að þar séu notuð efni sem hamla vexti hvers konar gróðurs. Fagmenn sjá um að úða ef sú aðferð er notuð en ef til vill væri best að minnka umfang gróðursins fyrst með því að reita.

- ✓ Vinnuskólinn hreinsi illgresi milli gangstéttahellna og við rennustein
- ✓ Leitað verði til fagmanna með úrræði þar sem illgresisvöxtur hefur verið mikill og/eða óviðráðanlegur

## GÖTUR

### Staðan

Flestar götur sveitarfélagsins eru lagðar bundnu slitlagi að undanskildum heimreiðum á Ströndinni.

### Aðgerðir

Sópa þarf malbikaðar götur reglulega og sjá til þess að ástand heimreiða á ströndinni sé viðunandi, þ.e. heflað þegar þörf er á.

## **GÖNGUSTÍGAR**

### *Staðan*

Nokkuð hefur verið lagt af malbikuðum göngustígum undanfarin ár. Þeir helstu eru neðan við Hvammsgötu og Brekkugötu, á bakkanum neðan Akurgerðis, við Vogatjörn, neðan Mýrar- og Marargötu og áfram að íþróttamiðstöð, við Stóru-Vogaskóla, ofan Aragerðis og meðfram Stapagötu.

### *Aðgerðir*

Meðfram mörgum þessara stíga hefur verið lagt gras sem slá þarf reglulega yfir sumartímann og bera á tilbúinn áburð. Þar sem einföld röð af þökum hefur verið lögð meðfram stígunum þarf að bæta við annarri og sá í moldarflög þar fyrir utan. Æskilegt að setja skít (lyktarlítinn hrossa- eða svínaskít) undir þökurnar og í flög sem sáð er í. Stígana þarf að sópa og halda hreinum.

- ✓ Slá meðfram göngustígunum
- ✓ Sópa
- ✓ Sá í þar sem enn er mold meðfram göngustígum

## **GRASFLATIR**

### *Staðan*

Helstu grasflatirnar í sveitarfélaginu (þéttbýlinu) eru við skólann, Hábjartúnið, meðfram Hafnargötunni, í Aragerði, neðan Hvammsgötu og meðfram Stapagötu.

### *Aðgerðir*

Að undanskildu Hábjartúninu og Aragerði er nauðsynlegt að bera fosfórríkan áburð á flatirnar, aðallega til þess að þær nái að mynda gott rótarkerfi og séu grænar og fallegar á að líta yfir sumartímann. Gera þyrfti útskot við Stapavegin þar sem útkeyrslan frá Vogaseli er og bílar keyra upp og yfir steiptan kant og á grasið. Í versta falli gæti stórt holtagrjót komið í veg fyrir að ekið sé á grasinu.

- ✓ Bera á (annað- til þriðjahvert ár)
- ✓ Slá
- ✓ Hindra óæskilega umferð

## **BLÓMAKER**

### *Staðan*

Nokkuð hefur verið keypt af stórum blómakerjum sem staðsett eru víða um bæinn. Gróðursett hafa verið sumarblóm í flest þessara kerja en loðvíði og hansarósum í einhver þeirra, meðal annars þau sem standa við bílastæði leikskólans.

### *Aðgerðir*

Bæta þarf mold og húsdýra- eða tilbúnum áburði í kerin.

Velja þarf plöntur í þau eftir staðsetningu, þ.e. veðurþolnar plöntur þar sem mikið mæðir á o.s.frv. Planta þarf þétt þannig að plönturnar hafi stuðning hver af annarri. Ekkert er því til fyrirstöðu að nota fjölærar plöntur í kerin, t.d. eini, skriðmispil eða lágvaxna runna en fylla svo upp með blómstrandi sumarblómum.

- ✓ Bæta jarðveginn
- ✓ Planta þétt
- ✓ Planta fjölæru

## BEÐ

### *Staðan*

Nokkur opin beð eru í sveitarfélaginu, eingöngu í þéttbýlinu sjálfu. Þau helstu eru: í kringum íþróttamiðstöðina, á gatnamótunum þegar komið er í bæinn, við þjónustumiðstöðina, í Kirkjugerði við Kirkjuholt, við Stapaveg á horninu við Holt ásamt beðum á skólalóðunum. Einnig hefur verið gróðursett í gamlan kálgarð sunnan í Kirkjuholti.

Beðin við gatnamótin, í Kirkjugerði, við Stapagötu og við þjónustumiðstöðina eru umfangsmikil og þarfnast mikillar umhirðu. Eitthvað er um fjölærar plöntur í þeim en lítið verið gert til þess að gera viðhald auðveldara. Önnur beð eru minni.

### *Aðgerðir*

**Við íþróttamiðstöðina:** Eingöngu er um trjábeð að ræða. Kantskera þarf beðin og bæta í þau mold og tilbúnum áburði. Snemma vors er nauðsynlegt að klippa trén. Illgresi þarf að tína reglulega og leggja áherslu á að ná til rótarinnar. Þekja má beiðn með trjákurli.

**Á gatnamótunum við Vogabraut/afleggjarann:** Bæta þarf mold og húsdýraáburði í beðið og stinga það upp, svína eða hrossaskítur væri ákjósanlegur. Sandur/möl sem dreift hefur verið í beðið verði fjarlægður eins og hægt er en afgangurinn blandist moldinni. Trjáplöntur og rósir verði snyrtar. Bæta mætti holtagrjóti í beðið, klæða t.d. hluta þess með sléttu grjóti. Planta þarf þekjuplöntum eins og Hélurifsi og loðvíði ásamt breiðum af fjölærum plöntum eins og Maríustakk og öðrum harðgerðum tegundum. Sumarblómum má svo planta í þyrpingar inn á milli – tegundum haldið í lágmarki. Illgresi þarf að tína reglulega og leggja áherslu á að ná til rótarinnar. Þar sem moldin er ber, á milli plantna nætti gjarnan deifa trjákurli.

**Í Kirkjugerði:** leggja ætti áherslu á að minnka umfang beðanna og láta aðeins standa eftir nokkrar trjáplöntur í þyrpingu eða röð meðfram götunni. Klippa þarf plönturnar og bera á þær tilbúinn áburð. Aðrar plöntur þarf að fjarlægja. Tilvalið að nota þær í beð á lóðum skólanna. Illgresi þarf að tína reglulega og leggja áherslu á að ná til rótarinnar.

**Við Stapagötu:** Bæta þarf mold og húsdýraáburði í beðið og stinga það upp, svína eða hrossaskítur væri ákjósanlegur. Sandur/möl sem dreift hefur verið í beðið verði fjarlægður eins og hægt er en afgangurinn blandist moldinni. Beðið þarf að kantskera að vori. Trjáplöntur verði snyrtar. Bæta má holtagrjóti í beðið, klæða t.d. hluta þess með sléttu grjóti. Planta þarf þekjuplöntum eins og Hélurifsi og loðvíði ásamt breiðum af fjölærum plöntum eins og Maríustakk og öðrum harðgerðum tegundum. Sumarblómum má svo planta í þyrpingar inn á milli – tegundum haldið í lágmarki. Illgresi er tínt reglulega og lögð áhersla á að ná til rótarinnar.

### **Tilraunaverkefni með íbúum og/eða félagasamtökum**

Gefa ætti íbúum sveitarfélagsins og félagasamtökum kost á því að taka beð í fóstur. Aðilar sem áhuga hefðu myndu taka að sér yfir sumarmánuðina að hugsa um tiltekið beð, einir eða í samvinnu við vini, ættingja, samstarfsfólk eða félög í bænum. Snyrta það, og planta ásamt því að fjarlægja illgresi reglulega. Plöntur og önnur aðföng sæji sveitarfélagið um að kaupa ásamt því að starfsmenn bæjarins fjarlægja rusl og annað sem fellur til frá svæðinu og útvega mold og áburð. Ákveðið yrði fyrirfram hversu

miklu og hvaða tegundum yrði plantað en umsjónarmaður/fóstri beðsins hefði frjálssar hendur með að planta.

Beðin væru merk á einfaldan hátt með stuttum texta sem segir til um verkefnið.

Tillaga að merkingu: *Þetta beð annast íbúar sveitarfélagsins Voga*

Einnig mætti huga að því að láta ákveðna hópa eða einstaklinga úr vinnuskólanum annast ákveðin svæði eða t.d. blómaker allan starfstíma sinn yfir sumarið. Þannig mætti skapa samkeppni meðal nemenda og jafnvel umbuna fyrir.

## **OPIN SVÆÐI**

### *Staðan*

Opin svæði frá náttúrunnar hendi þar sem mannhöndin hefur lítið sem ekkert komið að, eru fjölmörg og óþarfi að telja upp hér. Þessi svæði einkennast af náttúrulegu gróðurfari og eru ekki hönnuð á teiknistofum. Nefna má í þessu samhengi nágrenni tjarnarinnar, Búðatjörn og svæðið kringum hana, flatirnar sunnan Voga, svæðið meðfram Strandarvegi og Vogabrautar, Vogastapa og heiðina austan þéttbýlisins.

### *Aðgerðir*

Lítilla aðgerða er þörf hvað varðar þessi svæði utan þess að þar sé tínt rusl og séð til þess að ekki sé þar losaður óæskilegur jarðvegsúrgangur. Svæðin eiga að vera öllum opin.

- ✓ Ruslatínsla
- ✓ Merkingar um að ekki megi losa rusl/jarðvegsúrgang

## **ARAGERÐI**

### *Staðan*

Aragerði hefur undanfarin ár verið í umsjá sveitarfélagsins. Þar er slegið og hirt um annan gróður á sumrin og trjálundur lýstur upp að vetri. Sláttur og umhirða hafa verið í höndum vinnuskólans og golfklúbbsins.

### *Aðgerðir*

Grassláttur er í góðum farvegi. Elstu grenitrén hafa á undanförunum árum látið á sjá og meðal annars verið skemmd en önnur orðið sitkalús að bráð. Hugsa þarf að endurnýjun í lundinum og fá t.d. skógræðing til þess að meta ástandið og gefa ráð um úrbætur. Verkið mætti vinna í samstarfi við Landgræðslu- og skólræktarfélagið Skógfell. Hlúa þarf einnig að runnum á flötinni. Þeir hafa ekki verið gróskumiklir og væri því ákjósanlegt að kantskera beðin og bæta í þau mold ásamt áburði. Runnana þarf líka að klippa/grisja og meðhöndla geng óþrifum. Beðið við flaggstöngina þarf sömuleiðis að kantskera og jarðvegsbæta.

- ✓ Grassláttur
- ✓ Ráðgjöf um endurnýjun trjálundar
- ✓ Umhirða á beðum

## **VOGATJÖRN**

### *Staðan*

Hólminn í tjörninni virðist hafa vaxið á undanförunum árum. Rætt hefur verið að brýnt sé að taka til hendinni svo hann grói ekki við bakkann og fylli meira út í tjörnina en

góðu hófi gegnir. Við athugun á gömlum ljósmyndum af tjörninni sýnist þó sem hólminn hafi fyrir u.þ.b. 75 árum ekki verið ósvipaður því sem hann er í dag. Vatnsmagn tjarnarinnar er mjög mismunandi eftir árstíma en á vorin hefur þó verið nauðsynlegt að hreins frá affallsröri í fjörunni. Bakkin við Hafnargötu þarfnast lagfæringar.

#### *Aðgerðir*

Ef nauðsynlegt reynist að fara í framkvæmdir við að minnka hólmann þarf að fara varlega í þær. Allt lífríki tjarnarinnar er viðkvæmt og þarfnast vandaðra og vel ígrundaðra vinnubragða. Í umhverfisnefnd kom upp sú hugmynd að stinga kant hólmanns með handafla að litlum hluta og velta torfinu á hvolf yfir í hólmann. Þannig væri kanturinn styrktur um leið og hólminn minnkar. Best væri ef þetta væri gert að litlum hluta til að byrja með og fylgst með hvernig m.a. gróður bregst við. Einnig þarf að huga að fuglalífi og reyna eftir fremsta megni að auðga það. Komið hefur til tals að volgu affallsvatni yrði hleypt í tjörnina í litlu magni og þannig ef til vill gerður vísir að andapólli þar sem fólk gæti komið og gefið fuglunum. Aðal áherslan er þó að tjörninni sé haldið hreinni og raski umhverfis hana sé haldið í lágmarki.

## **GRJÓTGARÐAR**

#### *Staðan*

Nokkuð er af gömlum hlöðnum grjótgörðum í og við byggðina, þeir helstu í landi Minni-Voga. Garðarnir hafa haldið sér nokkuð vel og eru gott dæmi um forna búskaparhætti á svæðinu. Fara þarf varlega í að endurhlaða það sem hrunið hefur af þessum gördum. Kunnáttufólk sem þekkingu hefur á gömlum hleðslum er best til þess fallið. Þó er saklaust að raða þeim steinum sem augljóst er að hafa fallið nýlega.

#### *Aðgerðir*

Til þess að garðarnir njóti sín sem best þarf að snyrta gras og annan gróður sem er nálægt þeim og koma þannig í veg fyrir að þeir grói upp.

- ✓ Grassláttur meðfram grjótgörðum (einu sinni yfir sumarið)

## **VAL Á PLÖNTUM**

#### *Staðan*

Mikið hefur verið keypt af sumarblómum og lítils samræmis gætt í plöntun þeirra. Nokkuð hefur einnig verið plantað af fjölærum runnum.

#### *Aðgerðir*

Minna má það magn sumarblóma sem undanfarið hefur verið plantað. Huga þarf að vali á fjölærum plöntum sem þakið gætu stór beð en sumarblóm notuð í þyrpingum inn á milli. Velja þarf harðgerðar plöntur. Aðalatriðið er að hlúa vel að þeim plöntum sem fyrir eru og bæta öðrum inn í eftir þörfum.

Huga ætti að því að fækka tegundum sumarblóma og velja einungis þær harðgerðustu.

Sjá einnig lista og hugmyndir frá gróðrastöðvum sem haft var samband við 2007.

## UMHIRÐA GRÓÐURS

### *Staðan*

Vinnuskólinn hefur hirt um gróður í sveitarfélaginu, á meðan hann er starfandi. Vantað hefur upp á að viðhaldi gróðurs sé haldið áfram eftir að vinnuskólanum lýkur. Í ágústmánuði og fram í miðjan september er enn þörf á að fjarlægja illgresi og slá gras. Sama má segja um vorverkin. Undirbúningi hefur oft verið ábótavant og lítið gert þar til vinnuskólinn hefst formlega. Huga þarf að því að undirbúa meðal annars með áburðagjöf, trjáklippingum og eitrun (ef þörf er á).

### *Aðgerðir*

Vinna þarf að því að nokkrir úr vinnuskólanum starfi lengur að hausti, eftir að eiginlegum starfstíma skólans lýkur. Þessir aðilar starfi t.d. fram í miðjan september og hirða m.a. um gróður, slátt og jafnvel ruslatínslu.

## ANNAD

Lóðir leikskólans og skólans verða ekki verið tíundaðar sérstaklega hér en bent á að þar þarf gróður svipaða meðhöndlun og annarsstaðar í sveitarfélaginu ásamt góðu skipulagi og umhirðu.

Staði utan þéttbýlisins þarf einnig að huga að, svo sem vinsæl útivistarsvæði og gönguleiðir. Þar þarf að tína rusl og ef til vill koma upp ruslatunnum.

## UMHVERFISVÆN VINNUBRÖGÐ

- ✓ Endurnýtanlega ruslapoka ætti að nota við ruslatínslu og þar sem nýslegnu grasi er safnað saman.
- ✓ Gras sem undanfarin ár hefur verið losað í jarðvegsgám og flutt úr sveitarfélaginu ætti að nota til uppgræðslu á opnum svæðum nálægt byggð. Því mætti m.a. dreifa meðfram reiðveginum ofan byggðar og í moldarflög við grunnskólann, meðfram göngustígum.
- ✓ Hætta ætti að flytja greinar og trjáúrgang úr sveitarfélaginu til förgunar heldur leigja eða fá lánaðan kurlara mánaðarlega yfir sumarmánuðina (maí – ágúst) og kurla til notkunar í beð í sveitarfélaginu.
- ✓ Mikið fellur til af húsdýraáburður í sveitarfélaginu. Nýta ætti skýtinn í beð og jafnvel á grasflatir að vori (helst þá svínaskítinn sem er lyktarlítill og brotnar tiltölulega fljótt niður)
- ✓ Hefja þarf undirbúning á að koma upp safnhaugum fyrir sveitarfélagið í samráði við Kólku. Fyrst um sinn fyrir framvæmdir á vegum sveitarfélagsins sjálfs en síðar þar sem íbúar geta losað sig við garðúrgan sem endurnýttur verður í sveitarfélaginu.